



## Alþýðusamband Íslands

### 41. grein

Sambönd og félög með beina aðild greiða árlega skatt til ASÍ og stofnana þess. Hvert samband skal ákveða, með hvaða hætti það innheimtir skatta hjá félögum og deildum innan sinna vébanda.

Árlegur skattur reiknast sem 8,37,4% af samanlögðum iðgjaldatekjum félagssjóðs félaga og deilda innan hvers sambands eða félags með beina aðild vegna næstliðins almanaksárs. Miða skal við umreiknaðar iðgjaldatekjur, þannig að þær jafngildi því að aðildarfélög einstakra sambanda og félög með beina aðild innheimti 1% iðgjöld af heildartekjum til félagssjóðs. Við skiptingu iðgjaldatekna milli einstakra deilda deildaskipta stéttarféлага sem eiga aðild að fleiri en einu sambandi skal stuðst við endurskoðaða sundurliðun þeirra í ársreikningi, liggi slík skipting fyrir, en ella skal skipta iðgjaldatekjum hlutfallslega milli deilda samkvæmt upplýsingum um fjölda gjaldskyldra einstaklinga.

Frá reiknuðum skatti skv. 2. mgr. skal draga frá sérstakan skattafrádrátt, sem skal vera kr. 3.650.000,- fyrir hvert samband. Sérstakur skattafrádráttur félaga með beina aðild skal vera kr. 182.000,- fyrir hvert félag með færri en 500 félagsmenn, kr. 365.000,- fyrir hvert félag með fleiri en 500 og færri en 1.000 félagsmenn og kr. 550.000,- fyrir hvert félag með fleiri en 1.000 félagsmenn. Með félagsmönnum er hér átt við reiknaðan fjölda félagsmanna skv. 6. mgr. 30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. að teknu tilliti til 3. mgr. skal ekkert samband eða félag með beina aðild greiða lægri skatt en sem nemur 6,65,7% af umreiknuðum iðgjaldatekjum eins og þær eru skilgreindar í 2. mgr.

Skrifstofa ASÍ leggur á og innheimtir skatta til ASÍ og stofnana þess hjá samböndum og félögum með beina aðild. Endanleg álagning fer fram á 4 ársfjórðungi hvers árs og skal hún kynnt með sérstökum álagningarseðli. Á álagningarseðli skal tilgreina endanlega álagningu skatta til ASÍ og stofnana þess, þær forsendur sem álagningin byggir á s.s. skattprósentu skv. 2. mgr., iðgjaldatekjur og umreiknaðar iðgjaldatekjur skv. 2. mgr., lágmarksskattprósentu skv. 4. mgr., upphæð skattafrádráttar skv. 3. mgr. og greiðslustöðu. Endanlega álagðan skatt að teknu tilliti til innborgana skal greiða á gjalddaga síðasta ársfjórðungs.

Skrifstofa ASÍ skal fjalla um ábendingar og athugasemdir sambanda, einstakra aðildarféлага þeirra og félaga með beina aðild vegna álagningarinnar og leiðrétt mistök eða villur sem kunna að hafa orðið. Rísi ágreiningur um hvort leiðrétt skuli eða telji einhver framanritaðra á sig

hallað við álagninguna er heimilt er að skjóta þeim ágreiningi til miðstjórnar ASÍ sem að fengnum athugasemdum kæranda og skrifstofu ASÍ kveður upp úrskurð sinn svo fljótt sem verða má.

Við álagningu skatta vegna þeirra sem ekki hafa skilað inn ársreikningi skv. 3. mgr. 47. gr. fyrir næstliðið ár skal nota áætlun. Áætlunin skal byggð á upplýsingum um iðgjaldatekjur næsta árs á undan. Ofan á þessar iðgjaldatekjur skal bæta þeim breytingum sem orðið hafa á reglulegum launum félagsmanna innan ASÍ skv. upplýsingum Hagstofunnar miðað við 2. ársfjórðung álagningarárs að viðbættu 10% álagi.

Sé ársreikningi skv. 3. mgr. 47. gr. skilað eftir að skattur hefur verið áætlaður á félagið skv. 7. mgr. en fyrir árslok álagningarárs, skal endurskoða áætlunina og leggja á skatta með venjulegum hætti. Eftir það telst sú álagning endanleg.

Skrifstofa ASÍ skal láta samböndunum í té leiðbeinandi upplýsingar um skattbyrði einstakra félaga og deilda skv. skattkerfi ASÍ og stofnana þess.

Bráðabirgðaákvæði:

[Prátt fyrir ákvæði 2. mgr. 41. gr. um 8,3% árlegan skatt skal skattur vegna ársins 2017, sem lagður verður á haustið 2017, vegna tekna aðildarfélaganna 2016, nema 7,95%.](#)

[Prátt fyrir ákvæði 4. mgr. 41. gr. um 6,6% lágmarksskatt, skal skattur vegna ársins 2017, sem lagður verður á haustið 2017, vegna tekna aðildarfélaganna 2016, nema 6,15%.](#)

46. grein

Ársreikninga sjóða ASÍ, ásamt samstæðuuppgjöri, fyrir hvert almanaksár skal leggja fyrir miðstjórn eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Ársreikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda í samræmi við góða endurskoðunarvenju.

Við gerð ársreikninga skal hliðsjón höfð af viðmiðunarreglum sem miðstjórn samþykkir. Vinnudeilusjóð skal haldið aðgreindum frá öðru fé sambandsins og hann aðgreindur í bókhaldi Sambandssjóðs.

Reikningarnir skulu lagðir til fullnaðargreiðslu fyrir þing ASÍ.

[Löggiltur endurskoðandi sambandsins skal kosinn á sambandsþingi til tveggja ára í senn. Að auki skulu tveir skoðunarmenn reikninga skulu kosnir á sambandsþingi til tveggja ára í senn og tveir til vara. Skoðunarmenn árita reikninga sambandsins ásamt framkvæmdastjóra þess.](#)